

Mánudaginn 14. desember 1992.

Nr. 438/1992. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Hans Erni Viðarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ragnheiður Bragadóttir, fulltrúi dómstjórans í Reykjavík, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. desember 1992 samkvæmt heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi eða gæsluvarðhaldinu markaður styttri tími.

Sóknaraðili gerir þá kröfu, að úrskurðurinn verði staðfestur með þeirri breytingu, að „lausnardagur gæsluvarðhalds verði laugardagurinn 23. janúar 1993 kl. 16.00“.

Frá 4. september 1991 hefur varnaraðili sætt fimm skilorðsbundnum refsisdómum, aðallega vegna brota á 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Eins og rakið er í hinum kærða úrskurði, eru nú til rannsóknar fjölmörg kærumál á hendur varnaraðila vegna ætlaðra brota á almennum hegningarlögum, og eru þau öll frá síðari hluta þessa árs. Verður því að fallast á það mat héraðsdómara, að ástæða sé til að ætla, að varnaraðili muni halda áfram afbrotum, á meðan málum hans er ekki lokið. Ber því með vísun til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að staðfesta hinn kærða úrskurð með þeirri breytingu, sem sóknaraðili óskar eftir, en ekki eru efni til þess að stytta gæsluvarðhaldstíma.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Hans Örn Viðarsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 laugardaginn 23. janúar 1993.

Úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur 9. desember 1992.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Hans Erni Viðarssyni, kt. 101174-3529, Eyjahrauni 3, Þorlákshöfn, verði gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, sem lýkur kl. 16.00 í dag, til föstudagsins 23. janúar 1993 kl. 16.00.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 23. nóvember sl., var kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 í dag vegna grunar um aðild að fjölmörgum þjófnaðar- og skjalafalsbrotum. Nú munu vera til rannsóknar 17 kærúmál, er varða þjófnað og skjalafals með útgáfu og notkun falsaðra tékka, sem kærði er grunaður um aðild að. Kærði hefur verið yfirheyrður hjá lögreglu í flestum þessara mála, og hefur hann játað sök. Kærði hefur staðfest hér fyrir dómi, að framburðarskýrslur sínar fyrir lögreglu séu réttar.

Brot þau, er kærði er grunaður um aðild að, geta varðað hann fangelsisrefsingu samkv. 155. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt fram lögðu sakavottorði hefur kærði margsinnis gerst sekur um hliðstæð eða alvarlegri brot. Ástæða er því til að ætla, að kærði muni halda áfram afbrotum, meðan málum hans er ólokið, fari hann frjáls ferða sinna. Ber því að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um áframhaldandi gæsluvarðhald kærða, eins og hún er fram sett og nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Hans Ernir Viðarsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út í dag, allt til föstudagsins 23. janúar 1993 kl. 16.00.
